

**Auka fundur stjórnar FSÍ, haldinn föstudaginn 13.september, kl.17:00 í íþróttafélaginu Gerplu, Versölum.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður og Einar Ólafsson ritari. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

**1.Kröfur móta frá TK og TKV**

Fyrir liggja kröfur móta frá TK og TKV, sem sendar voru skrifstofur FSÍ 9.september. Sviðstjórar FSÍ hafa yfirfarið kröfur móta ásamt meðlimum i tækninefndum, til að samræma þær kröfur sem eru gerðar til hvers móts fyrir sig.

Málið rætt

**Stjórn FSÍ samþykkir kröfur móta og felur framkvæmdastjóra að birta þær á vefnum ásamt því að senda þær út til félaga.**

**2. Hækkun á mótagjöldum**

Við skoðun skrifstofu á mótagjöldum höfum við komist að því að þau hafa ekki hækkað síðustu 7 ár eða frá haustinu 2006 og því ekki haldist í hendur við verðlagsþróun.

Tillögur varðandi mótagjöld;

1. Stjórn FSÍ leggur til að mótagjöld keppnisveturinn 2013-2014 verði 2.100 kr.
2. Mótagjöld munu eftir sem áður skiptast í þrjá hluta
  - a. FSÍ
  - b. Landsliðsverkefni/erlend verkefni
  - c. Hlutur mótshaldara (að frádregnum kostnaði við verðlaunapeninga/bikara)
3. Að auki leggur FSÍ til að mótshaldari fái 50% af sínum mótagjöldum endurgreitt til að mæta auknum kostnaði við að halda mót.

Með hækkun á mótagjöldum, þá kemur FSÍ til móts við aukinn kostnað við mótahald, aukin kostnað við erlend verkefni og athugasemdir mótshaldara um aukin kostnað þeirra við mótahald.

Málið rætt

**Stjórn FSÍ samþykkir hækkun á mótagjöldum og felur framkvæmdastjóra að kynnar þær.**

Fundi slitið kl.17:15